

LISTAÞ

„Ómannleg stærð“

segir Jón Reykdal myndlistarmaður um plássið sem hann hefur fyrir langstærstu einkasýningu sína til þessa.

„Þetta er næstum því ómannleg stærð, alveg hreint rosaleg, þær myndar minna sem virtust vera svo ægilega miklar heima á vinnustofu verða hérna að krækiberjum í helvíti.“

Jón Reykdal myndlistarmaður opnar sína langstærstu einkasýningu á laugardaginn. Hér á undan varð honum hugsað til þeirra fimm hundruð fermetra af plássi sem hann hefur fyrir milli sextíu og sjö-tíu myndir sem hann ætlar að sýna fólki um og upp úr helginni.


Hann er hvað þekktastur fyrir graffíkna sína, en nú bregður svo við að ekkert svoleiðis verður að sjá. Aðeins olíumálverk og þurrkít-armyndir: „Maður verður að geta skipt um tempó í listinni. Í graffíkinni er þetta svo óskaplega hægfara að endurnýjunin verður lítil. Olíumálverkið og þurrkítin ganga miklu hraðar fyrir sig. Þetta fer samt ekki svo hratt hjá mér núorðið að það sé hrátt; yfirlegan er þó nokkur, en þó hvergi nándar eins og í graffíkinni þar

sem maður stendur uppi með átta verk eftir allt árið.“

Sýningin stendur til fimmtánda september. Landið er viðfangsefnið. Jón segir þetta vera allt saman huglæg verk hjá sér núna. Hann segir líka að þegar sér verði lítið inn í salinn þar sem hann segi þetta í síma sjái hann svo greinilega hvað allt sé morandi í fjöllum hjá sér. Þessar myndir séu sínar hugmyndir um landið sem hann hafi fengið á ferðum sínum á síðustu árum. Þetta séu samt ekki þannig myndir að hægt sé að rata eftir þeim. Það er öllu blandað saman á þeim, áhrifum héðan og þaðan, allt saman afskaplega huglægt.

Jón segir svo að sín biði að rista aftur í dúk að þessari sýningu niður tekinni. Félagsskapurinn Íslensk graffík verði með samsýningu næsta vor og þar verði hann með. Sig sé farið að kitla í lófana að taka upp þau gömlu miðaldavinnubrögð, sem þar þurfi með.

— SER.



Jón Reykdal myndlistarmaður, heima í vinnustofunni sinni í vikunni: „Þetta eru ekki þannig myndir að hægt sé að rata af þeim.“ *Smartmynd*



„Einskonar táningapopp, eða bara popptónlist,“ segir Ragnhildur Gísladóttir um músíkina sem hún hefur nýskrið fyrir Stúdentaleikhúsið og nýjasta verkefni þess, rokksöngleikinn Ekkó eða Guðirnir ungu. *Smartmynd.*

„Pælt í plötu“

með lögnum sem Ragga Gísla var að semja við rokksöngleikinn Ekkó eða Guðirnir ungu.

Síðustu tvær vikur hefur Ragga Gísla verið að semja tónlist fyrir sviðsverk, en það hefur hún aldrei gert áður. Stykkið er rokksöngleikur og heitir Ekkó eða Guðirnir ungu eftir Claes Andersson í þýðingu Ólafs Hauks Símonarsonar, en Stúdentaleikhúsið setur leikinn upp í tilfni af ári æskunnar í leikstjórn Andrésar Sigurvinssonar og celtar að fara víðreist með.

„Mér heyrast þetta vera einfaldar grípandi melódíur, jafnt hraðar sem hægar, einskonar táningapopp, eða bara popptónlist; allavega var þetta unnið mjög hratt, en þetta verða víst ellefu lög, jú einmitt, það er verið að pæla í að gefa þau saman út á plötu, en hvort það nú verður, er allsendis óvíst,“ segir Ragnhildur og bendir á að það verði þeir Gústi og Dóri úr Með nöktum, ásamt Jóni úr Oxzmá og Margréti svuntupeysara

sem leika muni þessi lög hennar á sýningum, sem sagt ekki hún sjálf, enda biði hennar lokavinnsla plötunnar sem hún er að senda frá sér með manningum Jakobi Frímanni í haust.

En þá er þess líka að geta að Ekkó eða Guðirnir ungu fjalla um táninginn og umhverfi hans. Sagt er frá samskiptum þeirra við hitt kynið, foreldrana, skólann, vinina og allt það, þið vitið. Umgjörð verksins er klíkan og samskipti unglínganna innan hennar. Ragga taldi þetta verk ekki einasta vera hollt hugum táninga heldur ekki síður þeirra sem væru að ala þá upp, ergó: foreldrana. Jæja, sýningin fór af stað í Tónabæ á þriðjudagskvöld, kom við á Akranesi í gærkvöldi og menn ættu svo bara að bera sig eftir því hvenær hún á leið framhjá þeim. Fara, sjá og heyra. Dilla sér.